



Héraðsnefnd Árnesinga bs.

11. fundur haldinn á Hótel Brattholti 10. og 11. október 2017

1. Fundarsetning og yfirferð fundargerða framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesinga

Ari Björn Thorarensen, formaður Héraðsnefndar Árnesinga, setti fundinn og bauð fulltrúa velkomna. Síðan var gengið til dagskrár.

Fundargerð Héraðsnefndar Árnesinga bs. nr. 10 frá 4. maí var lögð fram og samþykkt. Fundargerðir framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesinga bs. nr. 22 frá 15. júní, nr. 23 frá 30. ágúst og nr. 24 frá 4. október, voru lagðar fram og staðfestar.

2. Fjárhagsáætlun Héraðsskjalasafns Árnesinga

Þorsteinn Tryggvi Másson kom inn á fundinn og fór yfir fjárhagsáætlun Héraðsskjalasafns Árnesinga fyrir árið 2018 og svaraði fyrirspurnum.

Þorsteinn ræddi um Myndasetrið sem er á heimasíðu Héraðsskjalasafnsins og verkefni sem verið er að vinna að. Mikil vinna fór í eftirlit og ráðgjöf á árinu 2016, einnig er mikið búið að setja inn af gömlum gerðarbókum frá sveitarfélögum í sýslunni, bæði frá 19. öld og fram á 20. öld. Gert er ráð fyrir þremur starfsmönnum í fullu starfi við safnið en þetta er bæði nauðsynlegt og óhjákvæmilegt í kjölfar nýrrar lagasetningar. Heldur hefur gestum fækkað á safnið en mjög blandaður hópur sækir safnið og nær sér í upplýsingar. Aftur á móti hefur magnið af skjölum sem safnið tekið við tvöfaldast frá fyrra ári.

Telur Þorsteinn mikilvægt að vera með íbúafundi í öllum sveitarfélögunum þar sem farið verði yfir myndir sem eru á myndasetri og fengin nöfn á þeim sem eru á myndunum. Hefur þetta verið gert í nokkur skipti í Árborg og hafa margir aðilar á myndum verið nafngreindir á þessum fundum.

Rædd voru húsnæðismál safnsins. Áætlað er að nýja geymslan í Gagnheiðinni geti tekið á móti um 400 m af skjölum og var áætlað að hún myndi duga næstu 10 árin en það sem af er ári eru nú þegar komnir 100 metrar. Þar af leiðandi þarf að huga að stærra húsnæði undir safnið og jafnvel ekki bara geymslu heldur einnig húsnæði til að vista allt safnið þar sem núverandi húsnæði er orðið þröngt. Gengið hefur fljótt á plássið og sífellt þrengir að safninu sjálfu, framtíðin gerir þó ráð fyrir að allt verði rafrænt en hvenær það verður er ekki gott að segja en tryggja þarf hús til framtíðar.

Einnig er möguleiki að hægt verði að leigja út geymslupláss í nýju húsi, t.d. fyrir byggðasafnið. Stjórnin vill skoða þetta nánar. Mikill kostur er að hafa allt undir sama þaki en ekki hefur verið kannað hvaða kostnaður myndi fylgja.

Staðarval fyrir safnið þarf að skoða vel, staðir sem væru „ákjósanlegir“ eru Selfoss eða Hveragerði, spurning um að fá tilboð frá fleiri en einum aðila í byggingu húsnæðis sem sniðið væri að þörfum safnsins. Það er kostur að vera í samvinnu við bókasafnið, en ekki nauðsynlegt.

Miklar breytingar nú um áramót vegna breytinga á lögum.

Til máls tóku auk formanns Aldís Hafsteinsdóttir, Njörður Sigurðsson, Sveinn Steinarsson, Gunnar Þorgeirsson, Guðmundur Ármann Pétursson, Halldóra Hjörleifsdóttir, Arna Ír Gunnarsdóttir og Björgvin Skafti Bjarnason.

Stjórn Héraðsskjalasafnsins er falið að þarfagreina húsnæði undir safnið og kanna kosti og verð á húsnæði, einnig að ræða við aðila um verð og stað fyrir húsnæði og leggja fyrir næsta fund.

Fjárhagsáætlun Héraðsskjalasafns Árnesinga 2018 var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Fundargerð stjórnar Héraðsskjalasafns Árnesinga frá 13. september var lögð fram og samþykkt.

3. Fjárhagsáætlun Listasafns Árnesinga

Inga Jónsdóttir kom inn á fundinn og fór yfir fjárhagsáætlun Listasafns Árnesinga fyrir árið 2018 og svaraði fyrirspurnum.

Inga ræddi um að safnið þurfi á menntuðum starfsmanna að halda og telur hún að það séu vannýtt tækifæri í safninu. Hún sér fyrir sér að þessi starfsmaður muni að auki sjá um auglýsingamál og ýmislegt nettengt. Gestafjöldi á safninu er svipaður milli ára, nú þegar hafa um 8000 manns komið á safnið á árinu.

Enn og aftur nefnir hún að hún vilji sjá skóla sýslunnar nýta sér safnið meira, bæði með því að fá börnin á safnið og einnig að safnið verði í samstarfi við skólana. Hún vill gera safnið að enn sterkara safni en verið hefur.

Safnasjóður hefur ekki vaxið eins og til stóð en hún hvetur sveitarstjórnir til að huga vel að söfnum sínum.

Rekstrarstyrkir frá Safnaráði eru nú 800.000 kr. sem er allt of lítið. Hún hefur fengið styrki frá Safnasjóði en hefur hvatt listamenn til að sækja um í Uppbyggingarsjóð Suðurlands.

Það eru flottar sýningar í gangi í safninu og eru sýningaraðilar Sunnlendingar. Á komandi ári verða einnig sýningar sem eru í höndum Sunnlendinga.

Varðandi húsnæði safnsins þá hafa verið gerðar endurbætur á þaki sem enn á eftir að klára og verið er að fara í endurbætur á lagnakerfinu núna í október. Næsta sem þarf að laga er loftræstiskerfið en það stenst ekki kröfur Safnaráðs en listasafnið lenti í úttekt hjá ráðinu. Inga segir kerfið ekki hafa virkað sem skyldi frá upphafi. Sumartíminn hefur verið erfiðastur hvað loftræstingu varðar. Listasöfn þurfa að halda réttu hita- og rakastigi til að verk verði ekki fyrir skemmdum. Hún hefur nú þegar fengið eitt tilboð

í lagfæringu á kerfi en ætlar að leita tilboða hjá fleiri aðilum og leggja fyrir stjórn. Velti hún upp þeirri spurningu, hvort hægt væri að fá aðila (tæknideildir sveitarfélaganna) til að taka út húsnæðið og sjá hvað þarf að laga og endurbæta. Það er kominn tími á að laga eitt og annað á safninu.

Til máls tóku auk formanns Njörður Sigurðsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Helgi S. Haraldsson, Árni Eiríksson, Helgi Kjartansson, Sveinn Steinarsson, Guðmundur Ármann Pétursson, Ásta Stefánsdóttir, Gunnar Þorgeirsson, Eyrún Björg Magnúsdóttir, Ármann Einarsson og Kjartan Björnsson.

Fjárhagsáætlun Listasafns Árnesinga 2018 var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Fundargerð stjórnar Listasafns Árnesinga frá 25. september var lögð fram og samþykkt.

4. Fjárhagsáætlun Byggðasafns Árnesinga

Lýður Pálsson kom inn á fundinn og fór yfir fjárhagsáætlun Byggðasafns Árnesinga fyrir árið 2018 og svaraði fyrirspurnum.

Lýður ræddi um opnunartíma safnsins. Sýningarnar sem hafa verið á árinu hafa gengið vel og verið vel sóttar, þá sérstaklega sumarsýningin Kjóllinn. Verið er að vinna að sýningaráætlun næsta árs, sumarsýningin mun heita 1918 og hægt er að sækja um styrki fyrir þá sýningu. Aðeins hefur gerst að gripir hafa verið að fara á aðrar slóðir og í önnur söfn.

Lýður hefur verið að kanna með geymsluúrræði fyrir safnið og fór hann í þá vinnu í ágúst sl. Mundakotsskemman er full og léttu þarf á núverndi safni að sögn Safnasjóðs. Vinnuáætlun þarf í nýju húsnæði, gripir sem þola illa stofuhita þurfa sitt pláss. Í dag þarf 340 m² undir geymslu en ef horft er til framtíðar þá þarf 400 m². Lýður fór á fund með Verkfræðistofunni Eflu og bað um kostnaðargreiningu á 400 m² húsi og hins vegar 300 m². Áætlaður kostnaður við stærra húsið er 71 millj. tilbúið en ef byggt yrði minna húsnæði væri byggingarkostnaðurinn ekki nema 10-12% lægri.

Fór hann að kanna með húsnæði sem til eru á staðnum, eitt húsnæði er á staðnum sem væri hægt að nota, spurning hvort hægt sé að athuga með kaup á því.

Gera þarf endurbætur á girðingu í kringum Kirkjubæ, tjarga þarf þakið á Húsinu.

Umsókn til húsafriðunarnefndar er í gangi vegna lagfæringar á Kirkjubæ.

Í lokin afhenti Lýður nýjan bækling ferðaþjónustuaðila á Eyrarbakka.

Til máls tóku auk formanns Kjartan Björnsson, Njörður Sigurðsson, Sveinn Steinarsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Gunnar Þorgeirsson, Helgi Kjartansson, Kjartan Björnsson og Eyrún Björg Magnúsdóttir.

Stjórn HÁ lagði til að framkvæmdastjórn stofni starfshóp til að fara yfir húsnæðismál Héraðsskjalasafnsins og Byggðasafns Árnesinga og kanna hvort hægt sé að nýta þau húsnæði sem fyrir eru, hvort eigi að kaupa nýtt eða notað húsnæði og hvort hægt sé að samnýta húsnæði fyrir bæði söfnin.

Fjárhagsáætlun Byggðasafns Árnesinga 2018 var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Fundargerðir stjórnar Byggðasafns Árnesinga nr. 13 frá 16. ágúst og nr. 14 frá 11. september voru lagðar fram og samþykktar.

5. Fjárhagsáætlun Tónlistarskóla Árnesinga

Róbert Darling og Helga Sighvatsdóttir komu inn á fundinn og fóru yfir fjárhagsáætlun Tónlistarskóla Árnesinga fyrir árið 2018 og svöruðu fyrirspurnum.

Fundargerðir stjórnar Tónlistarskóla Árnesinga nr. 182 frá 4. september og nr. 183 frá 2. október voru lagðar fram og samþykktar.

Róbert Darling byrjað á að fara yfir það sem hann hefur áorkað í starfi sínu sem skólastjóri Tónlistarskóla Árnesinga sl. 17 ár. Í upphafi vinnu sinnar sem skólastjóri lagði hann fram plagg með áætlun fyrir skólann, telur hann að nær allir þeir liðir sem settir voru þar fram hafi náð fram að ganga nema að koma á tónlistarbraut við FSu en það náðist ekki vegna breyttra aðstæðna við skólann.

Miklar breytingar hafa orðið á þessum árum og er TÁ í raun óþekktanlegur frá því sem áður var.

Annars luku 223 nemendur stigsprófum veturinn 2016-2017. Margir tónleikar hafa verið haldnir og hafa þeir gengið vel. Einnig eru fyrirhugaðir tónleikar í nóvember. Áætlað er að vera með kynningu fyrir alla 2. bekkjar nemendur í sýslunni, verða skólarnir heimsóttir 6 sinnum, þetta hefur gefist vel og hafa krakkarnir sýnt mikinn áhuga.

Biðlistinn í skólann er nokkur og eru um 80 nemendur á bið en flestir eru nemendur í Árborg. Aðstaða við skólann á Selfossi hefur batnað mikið með tilkomu nýs salar. Móttöku á nýjum nemendum hefur verið breytt en nú hittast kennari og foreldrar í fyrsta tíma og síðan koma nemandi og foreldrar saman, þetta hefur gengið mjög vel. Fór hann einnig yfir tölulegar upplýsingar sem voru í skýrslu skólans.

Hans helsta áhyggjuefni varðandi reksturinn er að kjarasamningar verða lausir í mars á næsta ári.

Að lokum sungu þau Róbert og Helga lag tónlistarskólans.

Til máls tóku auk formanns Aldís Hafsteinsdóttir, Arna Ír Gunnarsdóttir, Guðmundur Ármann Pétursson, Sveinn Steinarsson og Kjartan Björnsson.

Fjárhagsáætlun Tónlistarskóla Árnesinga 2018 var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Ari þakkaði Róberti Darling fyrir frábært starf og framlag til Tónlistarskóla Árnesinga og færði honum blóm frá Héraðsnefnd Árnesinga.

Ari Björn þakkaði fundarmönnum góðan fund og frestaði fundi til morguns.

Miðvikudagur 11. október, fundi framhaldið kl. 9:00

6. Fjárhagsáætlun Almanna- og Brunavarna Árnassýslu
Pétur Pétursson fór yfir fjárhagsáætlun almanna- og Brunavarna fyrir árið 2018 og svaraði fyrirspurnum.

Fundargerðir Almanna- og Brunavarna Árnassýslu nr. 19 frá 2. maí og nr. 20 frá 19. september voru lagðar fram og staðfestar.

Fundargerð Almanna- og Brunavarna Árnassýslu nr. 24. frá 7. júní var lögð fram og samþykkt.

Pétur og Ásta Stefánsdóttir sögðu frá verkefni sem Víðir Reynisson hefur verið að vinna að.

Rætt var um almanna- og Brunavarna Árnassýslu sem eru í gangi í sveitarfélögunum núna og hafa reynst vel enn sem komið er. Endurreisnaráætlanir ættu að klárast nú í febrúar, einnig hefur verið unnið í stórum viðbragðsáætlunum og eru þær langt komnar og komnar til yfirlustrar hjá yfirlöggreglustjóra.

Til máls tóku auk formanns Arna Ír Gunnarsdóttir, Kjartan Björnsson og Helgi Kjartansson.

Fjárhagsáætlun Almanna- og Brunavarna Árnassýslu 2018 var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Pétur Pétursson, Sverrir Haukur Grönli og Unna Björg Ögmundsdóttir, starfsmenn Brunavarna Árnassýslu, komu á fundinn.

Pétur fór yfir fjárhagsáætlun Brunavarna Árnassýslu fyrir árið 2018 og svaraði fyrirspurnum.

Einnig fór Pétur yfir starfsemi B.A., ræddi hann um mikilvægi þjálfunar slökkviliðsmanna en öryggi borgara veltur á góðri menntun og þjálfun slökkviliðsmanna. Óhætt er að segja að liðsmenn B.A. séu vel staddir varðandi menntun og þjálfun.

Þegar upp koma erfið verkefni er reynt eftir bestu getu að setja þau á færri hendur ef mögulegt er til að minnka álagið á mennina.

Sýnileiki slökkviliðsmanna og tækja er einn af lykilþáttum í öryggi slökkviliðsmanna á vettvangi svo hver sem kemur að slysstað sjái að eitthvað er í gangi. Nú eru verið að notast við nýtt tæki sem hjálpar mikið þegar leitað er að brunahreiðrum og hefur þetta tæki komið í veg fyrir stórtjón á svæðinu.

Nú fram undan er ráðstefna Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna og munu liðsmenn B.A. skipa þar stórt hlutverk en um komandi helgi verður stór æfing á Selfossi þar sem sviðsett verður fjöldamorð en æfingin mun fara fram í Sunnulækjarskóla. Einnig verða Pétur og Haukur með fyrirlestur á ráðstefnunni um slys sem Brunavarnir Árnassýslu komu að.

Tækjabúnaður BÁ er mjög góður og er nýi slökkviliðsbílinn einn sá fullkomasti á landinu.

BÁ er með 4 menn í eldvarnaeftirliti en þessir aðilar ganga í mörg verkefni og útköll á vinnutíma. 7 af starfsmönnum BÁ eru eldvarnaeftirlitsmenn, þar á meðal Unna Björg en hún vinnur að skipulagsþáttum og úrvinnslu.

Samstarf útkallsaðila í Árnassýslu er mikið og gott í öllum mögulegum verkefnum.

Reglulega eru haldnir samskiptafundir þar sem að byggingarfulltúar í Árnassýslu, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, Lögreglan á Suðurlandi, Vinnueftirlitið, héraðsdýralæknir MAST, slökkviliðsstjóri og eldvarnaeftirlitið hittast. Á þessum fundum eru oft tekin fyrir ákveðin mál eða jafnvel ákveðin hús og reynt að greiða úr vandamálum sem oft koma upp.

Til máls tók auk formanns Aldís Hafsteinsdóttir, Gunnar Þorgeirsson, Helgi Kjartansson, Björgvin Skafti Bjarnason, Arna Ír Gunnarsdóttir, Ásta Stefánsdóttir, Gunnar Egilsson, Halldóra Hjörleifsdóttir og Sverrir Haukur Grönli.

Stjórn BÁ er falið að fara yfir áætlunina og kanna hvort möguleiki sé að lækka framlag sveitarfélaga. Óskað er eftir skýringu á handbæru fé. Fjárhagsáætlun Brunavarna Árnassýslu 2018 var samþykkt með fyrirvara um framangreint.

Fundargerðir stjórnar Brunavarna Árnassýslu nr. 15 frá 6. júní, nr. 16 frá 29. ágúst, nr. 17 frá 19. september og nr. 18 frá 29. september voru lagðar fram og staðfestar.

7. **Fablab kynning**

Ingunn Jónsdóttir kom á fundinn og kynnti Fablab.

Í gangi eru tvö Fablab verkefni í samvinnu við SASS. Verið er að ráða inn kennara til að kenna í grunnskólum á Suðurlandi, hitt verkefnið er að koma upp verkstæði og er vonast til að hægt verði að setja það upp í Fjölbrautaskóla Suðurland.

Ræddi Ingunn um að tækni- og nýsköpunarbylting sé að ryðja sér til rúms. Þá er Fablab verkstæði staður til að koma frá sér nýjum hugmyndum. Í dag eru tvö verkstæði á Suðurlandi annað í Vestmannaeyjum og hitt á Höfn.

Það er ekki nóg að vera með tæki og húsnæði til að koma upp verkstæði, það þarf að vera með starfsmann sem er umsjónarmaður. Vinnur hún í því að fá fjármagn í verkefnið og koma því af stað og í rekstur.

Sér Ingunn fyrir sér að það verði spennandi að vinna þetta með grunnskólunum þá væri hægt að undirbúa og vinna verkefni í kennslustundum svo verði farið í smiðjuna og þá verði hluturinn til. Einnig væri hægt að bjóða aðilum að kaupa sér námskeið á verkstæðinu.

Hún vill fá sveitarfélögin með sér til að hrinda þessari hugmynd og verkstæði í framkvæmd. Nýsköpun og tækniþekking er framtíðin.

Hún hefur rætt við Nýsköpunarmiðstöðina um samstarf en hefur ekki fengið góðar undirtektir.

Mikið hefur komið út úr smiðjunum á Höfn og í Vestmannaeyjum, Stöðin í Vestmannaeyjum er eiginleg stjórnstöð fyrir verkefnið á landsvísu. Fjármagn er til til

tækjakaupa en liggja þarf fyrir að aðgangur sé að húsnæði og aðili til að stjórna verkefninu.

Frábært væri ef hægt væri að fara með tækin á milli staða svo þau nýttust líka á fleiri stöðum en verkstæðinu sjálfu.

Til máls tóku auk formanns Gunnar Þorgeirsson, Björgvins Skafti Bjarnason, Árni Eiríksson, Unnur Þormóðsdóttir, Arna Ír Gunnarsdóttir, Halldóra Hjörleifsdóttir, Gunnar Egilsson og Aldís Hafsteinsdóttir.

8. Landvernd

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, framkvæmdastjóri Landverndar og Snorri Baldursson, fyrrverandi formaður Landverndar, komu á fundinn.

Rætt var um Alviðru og Öndverðarnes sem er í eigu HÁ og Landverndar.

Eitt og hálf ár er frá því að Landvernd lagði til að selja jörðina Alviðru með þeim skilyrðum sem fram koma í gjafabréfi frá Magnúsi Jóhannessyni. Landvernd setti fram á aðalfundi tillögu um sölu á Alviðru en hún var felld. Farið var í hugmyndasamkeppni um Alviðru en niðurstaðan var að engin hugmyndanna myndi rekstarlega uppfylla það sem leitað var að. Þó var ein hugmynd skoðuð sem var koma á vistræktarbýli eða vera með umhverfisfræðslu og námskeið. Umhverfisfræðsla væri þó ákjósanlegri en vistræktarbýli. Í dag er húsnæðið í leigu.

Varðandi Öndverðarnes eru fleiri skilyrði í gjafabréfinu m.a. um að ekki megi selja jörðina undir sumarbústaði. Í landi Öndverðarnes er þó sumarbústaður, gamall torfbær byggður af Ósvaldi Knudsen. Hann var seldur á uppboði upp úr aldarmótum en Lögheimtan keypti húsið sem er illa farið og þarf ekki mikið meira en eitt vont vetrarveður til að það falli. Landvernd hefur áhuga á að vernda þessar minjar sem taldar eru vera miklar þar sem arkitektúrinn er merkilegur og mikil list er í húsinu. Minjastofnun telur húsið til húsa sem þarf að vernda.

Lögfræðiskrifstofan heldur því fram að þeir eigi lóðina undir bústaðnum en Lögmenn Suðurlandi eru að skoða málið, það er ekki til þinglýstur lóðarsamningur.

Stjórn Alviðrustofnunar fékk bréf þar sem aðilar frá Meðalholtum lýstu áhuga á að kaupa sumarbústaðinn og flytja hann í burtu.

Rætt var um að skipta upp eignarhaldinu, þ.e. að Héraðsnefnd Árnesinga fengi Öndverðarnes og Landvernd Alviðru eða öfugt.

Til máls tóku auk formanns Njörður Sigurðsson, Árni Eiríksson, Gunnar Þorgeirsson, Aldís Hafsteinsdóttir og Björgvin Skafti Bjarnason.

HÁ felur framkvæmdastjórn að senda Landvernd formlegt bréf þar sem ítrekuð er fyrri ósk um að Alviðra verði seld eða að eignarhald jarðanna Alviðru og Öndverðarnes verði endurskoðað og einfaldað og tekið tillit til hagsmuna beggja eigendahópa.

Einnig var lagt til að fulltrúar Landverndar kölluðu eftir upplýsingum frá Minjastofnun um varðveislugildi sumarhúss Ósvaldar Knudsen í Öndverðarnesi. Ákvörðun um framtíð hússins verði tekin í framhaldi af þeirri endurskoðun.

Að fengnu álit Minjastofnunar um sumarhús sem staðsett er í landi Öndverðarnes mun Héraðsnefnd Árnesinga taka afstöðu til málsins.

9. Fjárhagsáætlun Héraðsnefndar Árneseinga

Tekin var fyrir fjárhagsáætlun Héraðsnefndar Árneseinga bs.

Ingibjörg Garðarsdóttir tók til máls og fór yfir fjárhagsáætlun fyrir árið 2018.

Fjárhagsáætlun Héraðsnefndar Árneseinga 2018						
Samþykkt á haustfundi í Brattholti 11.október 2017						
	Áætlun 2017	Hlutfall af framlögum	Áætlun 2018	Hlutfall af framlögum	Hlutfallsleg breyting milli ára	
Tekjur:						
Framlög sveitarfélaga	114.944.000	100,0%	117.624.000	100,0%	2,3%	
Tekið af eigin fé:						
Samtals	114.944.000		117.624.000		2,3%	
Gjöld:						
Byggðasafn Árneseinga	28.950.000	25,2%	30.200.000	25,7%	4,3%	
Listasafn Árneseinga	26.320.000	22,9%	32.100.000	27,3%	22,0%	
Héraðsskjalasafn Árneseinga	24.100.000	21,0%	27.050.000	23,0%	12,2%	
Stjórnun, annað og ófyrirséð	4.000.000	3,5%	4.000.000	3,4%	0,0%	
Lánasjóður sveitarfélaga - afborgun v/FSU láns	30.000.000		22.700.000		-24,3%	
Fastir styrkir	1.574.000	1,4%	1.574.000	1,3%	0,0%	
Samtals	114.944.000	100,0%	117.624.000	100,0%	2,3%	
Sundurliðun:						
Fastir styrkir						
HSK	1.064.000	0,9%	1.064.000	0,9%	0,0%	
SSK	255.000	0,2%	255.000	0,2%	0,0%	
Svæðisstj. björgunarsv. í Árneseýslu	255.000	0,2%	255.000	0,2%	0,0%	
Samtals	1.574.000	1,4%	1.574.000	1,3%	0,0%	
	2017		2018		Breyting á milli ára	
Tónlistaskóli Árneseinga						
Launaliður	214.458.008		263.525.000		22,9%	
Samtals	214.458.008		263.525.000		22,9%	
Almannavarnir Árneseýslu	6.516.000		6.752.000		3,6%	
Samtals	6.516.000		6.752.000		3,6%	
Brunavarnir Árneseýslu	263.688.000		292.706.000		11,0%	
Samtals	263.688.000		292.706.000		11,0%	

Fjárhagsáætlun Héraðsnefndar Árneseinga var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða, áður höfðu fjárhagsáætlanir stofnana verið samþykktar þegar þær voru lagðar fram.

Auk formanns tóku til máls Gunnar Þorgeirsson og Aldís Hafsteinsdóttir.

10. Önnur mál

a) *Svæðisstjórn björgunarsveita Árnessýslu*

Halldóra Hjörleifsdóttir tók til máls um svæðisstjórn björgunarsveita Árnessýslu og lagði fram ársreikning þeirra.

b) Gunnar Egilsson tók til máls um Fablab verkefni, einnig Gunnar Þorgeirsson, Unnur Þórmóðsdóttir, Kjartan Björnsson, Ásta Stefánsdóttir, Árni Eiríksson og Arna Ír Gunnarsdóttir.

Stjórn er falið að vinna að bókun um að ríkisvaldið taki meiri þátt í að koma upp Fablab smiðju

c) Fundartími fyrir fundi Héraðsnefndar.

Samræma þarf fundartíma sveitarfélaganna svo auðveldara sé að boða á fundi sem sveitarstjórnirnar eiga að koma að sameiginlega.

Til máls tóku auk formanns Árni Eiríksson, Halldóra Hjörleifsdóttir, Björgvin Skafti Bjarnason, Aldís Hafsteinsdóttir, Gunnar Egilsson og Kjartan Björnsson.

d) Fjallskilareglugerð

Gunnar Þorgeirsson spurði um fjallakilareglugerð.
Ari Thor svaraði.

e) Myndataka af héraðsnefndinni er áætluð á næsta fundi

Þakkaði Ari héraðsnefndarmönnum og starfsmönnum góða samvinnu og samveru og óskaði þeim góðrar heimferðar.

Fundinn sátu: (sign)

Ari Björn Thorarensen	Árborg
Arna Ír Gunnarsdóttir	Árborg
Aldís Hafsteinsdóttir	Hveragerði
Halldóra Hjörleifsdóttir	Hrunamannahreppur
Sveinn S. Steinarsson	Sveitarfélagið Ölfus
Gunnar Þorgeirsson	Grímsnes- og Grafningshreppur
Guðmundur Ármann Pétursson	Grímsnes- og Grafningshreppur

Árni Eiríksson	Flóahreppur
Björgvin Skafti Bjarnason	Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Árman Einarsson	Sveitarfélagið Ölfus
Helgi Kjartansson	Bláskógabyggð
Bjarney Vignisdóttir	Hrunamannahreppur
Njörður Sigurðsson	Hveragerði
Unnur Þormóðsdóttir	Hveragerði
Ásta Stefánsdóttir	Árborg
Helgi S. Haraldsson	Árborg
Kjartan Björnsson	Árborg
Gunnar Egilsson	Árborg
Sandra Dís Hafþórsdóttir	Árborg
Eyrún Björg Magnúsdóttir	Árborg
Ingibjörg Garðarsdóttir	fjárhaldsmaður
Rósa Sif Jónsdóttir	ritari